

Dans 3.bekkur

Nemendur fá eina kennslustund á viku í dansi. Megináherslan með danskennslu er að efla meðal nemenda læsi á menningu og ákveðið ferli á heilsu, hreyfingu og líkamstjáningu og eigin tilfinningar í samvinnu með öðrum.

Hæfniviðmið

Að nemendur þjálfist m.a. í:

- einföldum grunnsporum í samkvæmisdönsum,
- í gömlu dönsum, línudans, paradönsum og freestyle,
- geti unnið saman í hóp og borið virðingu fyrir hvort öðru í gengum dansinn,
- geti tjáð sig á einfaldan hátt í eigin listsköpun,
- beitt helstu tækni sem námsgreinin býr yfir,
- geti hagnýtt sér tækni og þekkingu sem hann hefur náð að tileinka sér með því að takast á við enn meiri krefjandi verkefni.

List og verkgreinar

Menntun í list- og verkgreinum felst í því að nemendur vinna verklega og skapandi vinnu þar sem reynir á huga, hjarta og hönd. Námið byggir á þjálfun í ákveðnum þáttum þar sem mismunandi kennsluaðferðir eru notaðar. Námið reynir á sjálfstæð vinnubrögð nemenda, samvinnu, fjölbreyttar vinnuaðferðir og hvernig á að koma hugmynd í verk. Mikilvægt er að námið sé stígandi eftir getu nemandans. Samþætta námið við daglegt líf með áherslu á verkferlið og upplifunina.

Læsi - Nemendur geri sér grein fyrir hvar áhugi þeirra liggur á sviði list- og verkgreina og séu meðvitaðir um að í þessum greinum séu fjölbreyttir náms- og atvinnumöguleikar. Nemendur þekki undirstöðuratriði hverrar greinar og kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum. Nemendur þekki helstu hugtök og heiti hverrar greinar og geti notað þau verkfæri sem til þarf.

Nemendur séu virkir þáttakendur. Mikilvægt er að við sköpum nemendum aðstæður og tækifæri fyrir eigin hugmyndir og hæfileika til sköpunar í tengslum við nær umhverfi og menningu. Nemendur tileinki sér læsi á mismunandi menningu, form, myndir, heilsu og næringu, líkamstjáningu, tilfinningar sínar og annara, tækni, umhverfi o.fl. Nemendur geti sagt frá og þekki hvaða efni þeir eru að vinna með.

Sjálfbærni - Nemendur séu virkir þáttakendur í sínu eigin námi. Nemendur takist á við margvísleg fjölbreytt verkefni í tengslum við umhverfið sitt.

Lýðræði og mannréttindi - Stúlkur og drengir hafi jafna möguleika til náms í list- og verkgreinum. Nemendur bera ábyrgð á eigin verkum. Nemendur beri virðingu fyrir öðrum nemendum, skoðun þeirra og eigin umhverfi. Nemendur fá tækifæri til að þroskast í list- og verkgreinum á eigin forsendum.

Heilbrigði og velferð - Að nemendum líði vel og tekið sé tillit til þarfa hvers og eins. Að efla styrkleika hvers og eins nemenda. Að samskipti séu góð.

Sköpun - Nemendur efli þekkingu sína og geti tengt við fyrri þekkingu og skapað þannig nýja. Að nemendur fái aukið val til að sýna frumkvæði í eigin verkefnavali. Nemendur fái að kanna, njóta, spyrja spurninga, virkja ímyndunaraflíð og prófa. Nemendur læri í gegnum leik.